

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 26. mars 2008.

Umsögn um frumvarp

að breytingu á lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla.
53. mál, afnám innritunar og efnisgjalda.
134. löggjafarþing 2007-2008, þskj. 53.

Almennar athugasemdir

Meginatriði í starfi Stúdentaráðs Háskóla Íslands er hugmyndin um jafnrétti allra til náms, óháð kyni, kynhneigð, efnahag eða stöðu að öðru leyti. Gjaldfrjáls menntun er í því ljósi eitt helsta baráttumál stúdenta og í raun samfélagsins alls, þar sem gildi menntunar fyrir samfélagið í heild verður ekki ofmetið.

Í þessu samhengi fagnar Stúdentaráð fyrirbyggjandi lagafrumvarpi sem stefnir að því að fella niður innritunargjöld í framhaldsskólum og því að hinu opinbera verði skylt að kosta kennslu- og námsgögn. Verulegur kostnaður fylgir því að stunda nám í framhaldsskóla og er í tilviki framhaldsskólanema um að ræða þjóðfélagshóp sem hefur lítlar sem engar tekjur og á almennt ekki rétt á námslánnum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þessum hópi er þrátt fyrir þetta gert að greiða fullt verð fyrir námsbækur.

Stúdentaráð vill einnig minna á ákvæði 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar sem og jafnræðisreglu 65. gr. Þó að núverandi fyrirkomulag standist líklega lágmarkskröfur stjórnarskrárinnar og ekki sé um að ræða eiginleg skólagjöld, heldur innritunargjöld (þ.e. þjónustugjöld í merkingu stjórnsýsluréttar) er rétt að fjalla stuttlega og minna á tengsla ofangreindra stjórnarskrárákvæða við skólagjöld og gjaldfrjálsa menntun.

Vel er hægt að færa rök fyrir því að það að velta kostnaði við menntun yfir á nemendurna geti talist mismunun á grundvelli efnahags.¹ Í athugasemdum með 14. gr. frumvarpsins sem varð að stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995 kemur fram að tryggingin, sem er ætlast til að þessi regla (nú 2. mgr. 76. gr. stjkskr.) veiti, er m.a. að engan mætti útiloka frá almennri menntun með því að áskilja greiðslu skólagjalda fyrir hana.² Hér er tvennt að athuga. Í fyrsta lagi vísar frumvarpið til *almennrar menntunar* (en til almennrar menntunar telst m.a. almennt nám á framhaldsskólastigi, sjá álit umboðsmanns Alþingis 2. apríl 2007 nr. 4650 og 5729/2006). Í öðru lagi má sjá að stjórnarskrárgjafinn viðurkennir að hægt sé að *útiloka* ákveðna einstaklinga frá menntun með því að áskilja greiðslu skólagjalda, og tengir því umræðuna um skólagjöld beint við umræðu um jafnrétti til náms óháð efnahag.

Sömuleiðis má minna á ákvæði alþjóðasamninga á sviði mannréttinda sem íslenska ríkið hefur undirgengist og viðurkennt er að hafa skuli til hliðsjónar við túlkun stjórnarskrárinnar.

¹ Rhona K. Smith, *Textbook on International human Rights*, 2. útgáfa. 2005, bls. 312.

² Alþt. 1994-1995 A-deild bls. 2110.

Öll börn í aðildarríkjum að Samningi SP um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi frá 1966 (svb. auglýsingu í C-deild stjórnartíðinda nr. 10/1979, hér eftir SEFMR) eða Barnasáttmála SP eiga rétt á ókeypis grunnskólamenntun.³ Er þessi regla afdráttarlaus sbr. a.lið 2. mgr. 13. gr. SEFMR og a.lið 1. mgr. 28. gr. Barnasáttmálans. Samningarnir kveða hins vegar ekki jafn fast að orði varðandi önnur skólastig. Skv. b.lið 2. mgr. 13. gr. SEFMR skulu ríki koma á ókeypis framhaldsmenntun í áföngum og í b.lið 1. mgr. 28. gr. Barnasáttmálans er ríkjum gert skylt að tryggja að öll börn eigi kost á framhaldsmenntun svo sem með því að bjóða ókeypis menntun. Varðandi háskólastigið skilur á milli samninganna. Við gerð Barnasáttmálans var ákvæði um að stefna skuli að ókeypis háskólanámi hafnað að kröfu Bretlands.⁴ En í c.lið 2. mgr. 13. gr. SEFMR kemur fram að æðri menntun skuli gerð öllum jafn aðgengileg, einkum með því að koma á ókeypis menntun á áföngum. Stefna samningsákvæðanna er þó skýrlega að koma á ókeypis menntun og undantekningar og fyrirvarar í ákvæðunum eiga alls ekki við í tilviki þróaðra og auðugra ríkja líkt og Íslands.

Meginreglan um ókeypis menntun er ekki aðeins talin fela í sér ókeypis kennslu heldur einnig að ríkið skuli taka á sig ýmsan aukakostnað tengdan námi s.s. kostnað við ritföng og námsbækur og jafnvel skólabúninga (sému þeir skylda) og flutninga (skólaakstur) til og frá skóla, a.m.k. á grunnskólastigi. Meginatriðið er að slakur fjárhagur nemandans á ekki að koma í veg fyrir skólasókn og ríkið ber ákveðnar skyldur til að koma í veg fyrir að svo verði.⁵ Ekki verður séð, í ljósi þess að framhaldsskólamenntun fellur undir 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, að önnur sjónarmið eigi við að þessu leyti um grunnskóla og framhaldsskóla.

Að lokum verður einnig minnt á að Stúdentaráð hafnar alfarið upptöku skólagjalda svo og aukinna gjaldheimilda á háskólastigi. Meginreglan um jafnrétti til náms á jafnt við á öllum skólastigum og Stúdentaráð hvetur löggjafann til þess að hafna öllum tilraunum til þess að velta auknum kostnaði við nám á háskólastigi yfir á nemendur.

Ekki er talin ástæða til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Kári Hólmur Ragnarsson, varaformaður SHÍ.

³ G. van Bueren, *The International Law on the Rights of the Child*. 1995, bls. 235.

⁴ van Bueren, sama rit, bls. 236.

⁵ Rhona K. Smith, *Textbook on International human Rights*, 2. útgáfa. 2005. bls. 312.